

Safnarahjónin í Neðsta

Hjónin Jóna Símónía Bjarnadóttir og Þorsteinn Traustason í Neðsta-kaupstað eru miklir safnarar.

— sjá bls. 16 og 17



Sagnfræðitrúboðinn Sigurður

Sigurður Pétursson sagnfræðingur og bæjarfulltrúi er fæddur og uppalinn á Ísafirði. Hann gekk í Menntaskólann á Ísafirði þar sem hann kynntist eiginkonu sinni, Ólínu Þorvarðardóttir. Sigurður fer yfir æskuárin, stjórnmálin og sagnfræðinga í skemmtilegu viðtali við Hringiðuna.



— sjá bls. 12 og 13



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. júní 2013 · 23. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Fagnað sem hetju!



Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



SÓLVARNARGLER
HANDRÍÐ &
SKJÓLVEGGIR



ALLT Í GLERI
SÍÐAN 1989
Ispar
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjölflegt.

EIMSKIP
eBOX



Myndir frá opnun á nýjum sýningarsal húsgagna hjá **Penninn-Eymundsson**, breytingum í verslun, nýjum þjónustusamningi og samstarfi við Símann á Ísafirði.

PenninnEymundsson þakkar frábærar móttökur.



Gæða skrifstofuhúsgögn á góðu verði í Pennanum



5 ÁRA ÁBYRGÐ

**20-40%
AFSLÁTTUR**

Dæmi um gott verð:

Skrifborð 180x80 með T-fótum, hæð 72,4 sm	Verð áður	Tilboðsverð
Skrifborð 180x80 með T-fótum, rafhækkjanlegt, hæð 70,6-120,6 sm *	54.900	43.920
Jive möppuhilla 78x35x150,5 sm, hvít *	132.400	99.900
Sync Dauphin skrifborðsstóll	59.900	47.900
Lian Run armstóll	64.900	49.900
Prima Lampi með borðfestingu	29.900	22.900
	20.350	12.210

*Verð á skrifborðum miðast við hvítt en aðrar stærðir og litir fáanlegir.

VELDU VEL FYRIR HEILSUNA

Gæðastólar og
rétt stilltir ásamt
rétttri borðhæð
skipta sköpum fyrir
stöðkerfið

Óskari fagnað sem hetju

Hlauparanum Óskari Jakobsyni var fagnað eins og hetju þegar hann kom skokkandi inn á planið fyrir framan bensínstöð N1 á Ísafirði á laugardag. Fjöldi bæjarbúa tók á móti kappanum og var klappað vel og lengi þegar hann kom í mark ásamt vini sínum, Finnþoga, sem hljóp síðasta spölinn með honum. Eins og alþjóð veit var Óskar að ljúka áttakinu Hlaupið heim þar sem hann hljóp frá Reykjavík til Ísafjarðar og safnaði áheitum til styrktar kraftaverkastráknium Finnþoga sem hefur barist hetjulega í veikindum sínum.

„Viðtökurnar voru hreint út sagt magnaðar. Ég átti hrikalega bágð með mig og er gríðarlega þakklátur hvernig bæjarbúar tóku á móti mér. Finnþogi kom líka með mér yfir marklínuna. Þetta

var þuð, ég þurfti að halda mér við efnið en ég náði alltaf að vera ferskur á morgnana þegar ég fór aftur af stað þótt ég hafi verið lúinn á kvöldin. Erfiðasta kvöldið var eftir Steingrimsfjarðarheiðina en það fyrsta sem ég sá þegar ég kom út úr bílnum morguninn eftir var refur og svo sá ég örn og hugsaði með mér að þetta gæti ekki klikkað. Það gekk allt upp, veðrið var miklu frekar með mér en á móti mér, ég var með vindinn í bakið mest alla leiðina,“ segir Óskar Jakobsson um viðtökur bæjarbúa og meðbyrinn sem hann hafði í hlaupinu, bæði frá fólki sem studdi hann í þessu og náttúruöflunum.

Þegar Óskar kom í mark var haldin veisla á planinu þar sem viðstöddum var boðið upp á grillaðan fisk og pylsur sem bæjar-



Óskar kemur í mark á Ísafirði ásamt fríðu föruneyti.

búar gæddu sér á undir tónlist og ræðuhöldum þar sem aðstandendur Finnþoga þökkuðu kærlega stuðninginn. „Ég er hrikalega ánægður að hafa kýlt á þetta, ég var búinn að hugsa um þetta og er stoltur af sjálfum mér að hafa látið slag standa því maður fær svo margar hugmyndir sem mað-

ur framkvæmirekki,“ segir Óskar sem er kominn aftur heim og byrjaður að vinna. Við tekur full vinnuvika hjá honum en hann segist jafna sig næstu daga þrátt fyrir að vera svolítið lúinn eftir hlaupið.

Söfnunin hefur gengið vel og samkvæmt nýjustu upplýsingum

hefur safnast yfir ein milljón króna en ekki liggur fyrir endanleg tala þar sem fólk er að skila inn áheitum. Það er því ekki of seint að leggja málefnið lið og hægt að leggja inn á styrktarsjóð átakans: 0556-26-000330, kt. 121101-3190.

– hordur@bb.is

Viðhaldsfrír
30 ára
Íslensk framleiðsla
1984 - 2014
gluggar

Hentar mjög vel
íslenskri veðráttu



Við höfum framleitt viðhaldsfría
glugga og hurðir í 30 ár.

Nánari upplýsingar á www.solskalar.is
Viðhaldsfrír sólskalar og svalalokanir.



Yfir 40 litir í boði.



GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187

ÍSFIRÐINGAR - NÁGRANNAR
GARÐPLÖNTUSTÖÐ
ÁSTHILDAR

ÉG ER BÚIN AÐ OPNA
GARÐPLÖNTUSÖLUNA

SALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ 14:00 - 18:00
UM HELGAR FRÁ 14:00 - 16:00



30%
afsláttur

verð áður 1.098 kr/kg

769 kr/kg

Heill kjúklingur
frá Ísfugli

Gott meðlæti!

...sjá uppskrift

„Ilmandi
jasmínhrísgrjóna
píla“



28%
afsláttur

verð áður 2.998 kr/kg

Úrvals lamba
lærissneiðar **2.159** kr/kg

1. fl. með heiðarkryddi



Góð kaup!

verð áður 179 kr/stk

145 kr/stk

Nautaborgarar 90g

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

...sjá uppskrift

„BBQ sósa /
kryddlögur
með bjór og
dijonsinnepi“



Góð kaup!

verð áður 3.845 kr/kg

Úrvals nauta
Rib-Eye
steikur

2.999 kr/kg



Ódýrt

verð áður 489 kr/pk

396 kr/pk

Kartöflubátar 900g

frosnir, frá Coop



Ódýrt

verð áður 359 kr/pk

269 kr/pk

Hvítlauksbrauð 2 stk 350g

frosið, frá Coop



50%
afsláttur

verð áður 198 kr/stk

Íslenskar
agúrkur

99 kr/stk

Skráðu þig á póstlistann á
samkaupurval.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, harpa@bb.is
Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfn bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hrafnseyri

Ekki verður annað með sanni sagt en að Danir hafi sýnt góðvild og skilning í garð Íslendinga varðandi tilkall okkar til íslensku handritanna. Verður þess lengi minnst er þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ Gíslason, tók við fyrstu bókinni með þessari stuttu kveðju: Flateyjarbók. Gjörðu svo vel!

„Undrandi renndi ég augum með bókanna röðum:
eljuverk þúsunda, varðveitt á skrifuðum blöðum.
Hvar sem ég fletti, við eyru mér ólguðu og sungu
uppsprettulindir og niðandi vötn minnar tungu.“

Svo segir meðal annars í kvæði Jóns Helgasonar, í Árnasafni. Óumdeilt hljóta þau að telja vel eljuverkin, sem hann skildi eftir eftir sig, maðurinn sem markaði slík spor í vitund íslensku þjóðarinnar, þrátt fyrir að hafa búið mestan hluta ævinnar í höfuðborg konungsdæmisins, sem Íslendingar lutu fram að stofnun Lýðveldis, að þeir völdu fæðingardag hans sem þjóðhátíðardag.

„...móðurmálið mitt góða, / hið mjúka og ríka, / orð áttu enn eins og forðum / mér yndið að veita,“ kvað Jónas og hefðu trúlega fáir gert betur. En hversu vel sem niðurröðun orðanna kann að vera háttað verður seint hjá því komist að boðskapurinn verði túlkaður á mismunandi vegu.

Ágreiningur er uppi um framtíð Hrafnseyrar. Var Vestfirðingum heitið þar lifandi mennta- og menningarsetri er haldi minningu Jóns Sigurðssonar á lofti, stofnun í líkingu við Skriðuklaustur og Gljúfrastein? Því er haldið fram og þar með að ekki hafi verið staðið við stóru orðin. Á móti er því haldið fram að stöðir séu ekki fyrir slíkum málflutningi.

Um það er ekkert að villast að Jón Sigurðsson, forseti, fæddist á Hrafnseyri. Þótt á það sé bent að Hrafnseyri sé fyrst og fremst fæðingarstaður sjálfstæðishetjunnar og staðurinn því táknrænn í augum alþjóðar, telja Vestfirðingar manninn og staðinn sér nákomnari, öðrum fremur. Því fær ekkert breytt.

Leggjum ágreininginn um Hrafnseyri til hliðar. Einbeittum okkur að því að koma Hrafnseyri í þjóðbraut. Að því fengnu, skoðum þá með hvaða hætti staðnum, og forsetanum, verður mestur sómi sýndur. Gleðilega þjóðhátíð! s.h.

Spurning vikunnar

Ertu samþykkt(ur) því að Austurvöllur á Ísafirði verði nýttur að hluta til sem skólalóð?

Alls svöruðu 542.

Já sögðu 206 eða 38%

Nei sögðu 168 eða 31%

Alveg sama sögðu 168 eða 31%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Hugmyndir um að opna leikskóladeild á Hlíf mæta andstöðu íbúa.

Mótmæla leikskóladeild

„Það er engin aðstaða þarna til að hafa börn. Þar er heldur engin loftræsting og slæmt aðgengi og því hentar þetta ekki að okkar mati,“ segir Jóhannes G. Jónsson, formaður stjórnar Húsfélags Hlífar 2 á Ísafirði, en húsfélagið hefur farið þess á leit við bæjarstjórn að fallið verði frá þeim áformum að opna leikskóladeild í kjallara Hlífar. Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt að opna ný leikskóladeild fyrir fimm ára börn á leikskólanum Sólborg í kjallara Hlífar.

Stefnt var að því að deildin opni á sama tíma og aðrar deildir á Sólborg eftir sumarfrí. Um er að ræða bráðabirgðalausn vegna fjölda krakka á leikskólaaldri sem vantar leikskólaláss en lítill

árgangur yfirgefur leikskólann í sumar. Í minnisblaði sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar til bæjarráðs, þegar hugmyndin var kynnt, kom fram að áður hefur verið rekinn útiskóli á Hlíf og þekkja starfsmenn Sólborgar húsnaðið og list vel á hugmyndina. Lítið sem ekkert þyrfi að breyta húsnaðinu en faglegt starf yrði eins og það er í dag og aðbúnaður allur viðunandi.

Áform sveitarfélagsins voru kynnt á húsfundi í Hlíf 2 27. mars síðastliðinn. Einhverjir íbúar Hlífar 2 voru alfarið á móti áformunum og því var ákveðið að skoða málið nánar. Afstaða íbúa liggur fyrir í dag og er ljóst að veruleg andstaða er við þessi áform á meðal margra íbúa. Íbúar Hlífar 2 hafa í auknum mæli nýtt sér umrætt rými og þykir miður ef sú starfsemi yrði takmörkunum sett, að því er segir í bréfi íbúanna til bæjaryfirvalda.

Jóhannes segir að augljóst að starfsemi leikskóladeildarinnar og íbúa muni skarast ef af verður. „Það gerir það óhjákvæmilega ef

25 börn koma í kjallarann. Þarna er tómstundaiðja, leikfimi, jóga, fönður auk þess sem menn eru með smíðatól og fleira í rýminu. Þetta hefur ekki valdið neinum óróa enn en ég vona að bæjaryfirvöld geri aðrar ráðstafanir,“ segir Jóhannes.

Í bréfi húsfélagsins til bæjaryfirvalda segir ennfremur að borist hafi beiðni um að bera málið undir atkvæðagreiðslu á almennum húsfundi. Mat stjórnarinnar sé hins vegar það að andstaða við málið sé það mikil að ekki sé forsvaranlegt fyrir Ísafjarðarbæ að halda því til streitu. Stjórnin telur ekki boðlegt að leggja það á aldraða íbúa Hlífar að mæta til formlegrar atkvæðagreiðslu um þetta viðkvæma mál enda nokkuð ljóst að margir myndu ekki treysta sér til að mæta. Í minnisblaði frá sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar segir að málið hafi verið skoðað vel en þessi kostur, að hafa leikskóladeildina á Hlíf, sé ekki ákjósanlegur. Líklegast verður því fundin önnur lausn.

Til sölu – Miðstræti 6

Til sölu – Miðstræti 6
Bolungarvík Verð að-
eins 6,9 mkr.

Einbýlishús á tveimur hæðum – 93 m²

Laust nú þegar

Allt innbú getur fylgt með eigninni.

Hitakerfi endurnýjað – nýleg varmadæla.

Do sprzedaży dom dwupiętrowy o powierzchni 93 m²

Dwie sypialnie, duża kuchnia, 3 sypialnie, pralnia oraz spiżarnia. Nowe instalacje grzewcze.

Cena 6.9 milionów koron.



fsv.is – sími 4563244 – eignir@fsv.is

smáar

Til sölu er fellihýsi árgærd 2007.
Lítið notað. Upplýsingar gefur
Ragnar í síma 892 7199.



Hagnaður Orkubúsins 349,3 milljónir

Hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfirðna nam 349,3 milljónum króna fyrir skatta á síðasta ári og er þetta áttunda árið í röð sem fyrirtækið skilar hagnaði. Að teknu tilliti til tekjuskatts nemur hagnaður ársins 279,5 milljónum króna, sem er umtalsvert meiri hagnaður en árið á undan. Afskriftir námu alls 233,1 milljón. Eignir Orkubús Vestfirðna ohf. í árslok 2012 voru alls 6.171 milljónir og heildar-

skuldir alls 812 milljónir. Eigið fé nam því alls 5.359 milljónum sem er um 88,8 % af heildar fjármagni. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var sú mesta í sögu fyrirtækisins, 90 GWh.

Í ársskýrslu fyrirtækisins egir að þessi mikli hagnaður stafi af aukinni raforkuframleiðslu Mjólkvirkjunar, sem framleiddi 11,3 GWh meira en árið á undan og 17,3% aukningu á framleiðslu virkjana Orkubúsins. Með því var

hægt að draga verulega úr kaupum Orkubúsins á raforku frá öðrum veitum en á sama tíma hafði meðalverð frá Landsvirkjun hækkað umtalsvert vegna uppsagnar Landsvirkjunar á samningum um ótrygg orkukaup. Þannig stóð eigin orkuöflun fyrir 59,6% af orkusölu ársins en hafði verið 49,5% árið áður.

Alls var 413 milljónum króna varið til fjárfestinga á síðasta ári, þar af voru tengigjöld og vinna

greidd af öðrum 29,9 milljónir. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu. Að ósk eiganda Orkubús Vestfirðna var samþykkt á aðalfundi að greiða 60 milljóna króna arð. Afgangurinn af hagnaðinum var lagður við höfuðstól og m.a. nýttur til að mæta miklum fyrirsjáanlegum kostnaði við endurnýjun og styrkingu rafdreifikerfisins.

Kristján Haraldsson, orkubústjóri, segist hafa vilja sjá þessar 60 milljónir fara í uppbyggingu fyrirtækisins á Vestfirðum og telur að fjármagnið sé betur farið þannig en í arðgreiðslu. Hann þakkar einnig góðum rekstri og hagstæðu ári hagnaðinn í fyrra en árið gekk nánast áfallalaust ef undan er skilinn kaflinn í lok desember. Kostnaður sem Orkubúið varð fyrir þá lendir að hluta til á þessu ári að sögn Kristjáns.

LANDSLÖG

SLYSABÆTUR

TRAUST INNHEIMTA SLYSABÓTA FRÁ 1971

Við könnum málið - það kostar ekkert

Hjá Landslögum starfa 20 lögmenn.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Styrmir
Gunnarsson hdl. og Sveinbjörn Claessen
hdl. leiða skaðabótadeild stofunnar.

LANDSLÖG

Borgartúni 26 | 105 Reykjavík | Sími 520 2900 | www.landslog.is | slys@landslog.is



Horft yfir eyrina á Ísafirði.

Skoða viðbót við búsetuúrræði fatlaðra

Bygging 5-6 íbúða fyrir fatlaða einstaklinga í Ísafjarðarbæ, í samstarfi við Þroskahjálp, var rædd á fundi bæjarráðs á mánudag. Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar ásamt Daníel Jakobssyni bæjarstjóra greindu frá því að búið væri að gera þarfagreiningu og áætlun á búsetuþörf til ársins 2023. Samkvæmt henni munu 23

einstaklingar koma til með að þurfa á þjónustuíbúðum að halda með mismikilli þjónustu. Af þessum einstaklingum eru þrír sem þurfa íbúðir sem eru sérhannaðar með góðu aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Þá þurfa fimm einstaklingar á hentugra húsnaði að halda í náinni framtíð. Bæjarráð tók jákvætt í erindið og fól

Daníel að ræða við Bygðasamlag Vestfjarða, um aðkomu að málinu.

„Málið er í raun á algjöru byrjunarstigi en við erum full áhuga og vilja til að þetta verði framkvæmt sem fyrst. Stefnum við að því að byrja á þessu á næsta ári,“ segir Daníel. Varðandi hugsanlega staðsetningu segir hann

að meðal annars komi til greina að byggja raðhús í Fjarðarstræti að fyrirmynd búsetu á Sauðárkróki en einnig hafi verið rætt að kaupa íbúðir í fyrirhugaðri nýbyggingu við Sindragötu. Þá sé einnig verið að skoða fleiri kosti. „Það má segja að þetta sé viðbót við þau búsetuúrræði sem fatlaðir hafa hér í Ísafjarðarbæ og það

má bæta því við að fjórar íbúðir í Pollgötunni verða teknar í notkun á árinu en verið er að vinna í því að gera þær tilbúnar.“

Samningar Þroskahjálpar við sveitarfélög hafa meðal annars falið í sér að þeir sjái um húsbygginguna með þeim formerkjum að sveitarfélögin geri leigusamning til 15 ára. – *harpa@bb.is*

Bylting í rafmagns- og fjarskiptamálum

Fulltrúar Almannavarna, Neyðarlínunnar og Orkubús Vestfjarða hittust á fundi á Ísafirði í síðustu viku og ræddu afhendingaröryggi á rafmagn og fjarskiptamál. Að sögn Víðis Reynissonar, deildarstjóra almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, verða samskipti á svæðinu orðin trygg eftir tvær til þrjár vikur þannig að hægt verði að nota farsíma þótt rafmagn fari af eins og gerðist í desember þegar farsímasamband lá niðri á stórum svæðum sökum rafmagnsleysis.

„Við vorum að fara yfir stöðuna varðandi uppsetningu á varaafsstöðvum fyrir mikilvæga fjarskiptapunta. Neyðarlínan hefur sett upp varaafsstöðvar fyrir fjarskiptapunktana, forgangsraðað endurvörpunum á Vestfjörðum og þar sem fara saman endurvarpar og mikilvægir fjarskiptapunktar. Sjö stöðvar hafa verið settar upp þar sem fara saman tengipunktar fyrir símkerfi, Tetra endurvarpar og farsíma endurvarpar. Fimm stöðvar eru frá Neyðarlínunni og tvær frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum,“ segir Víðir.

Búið er að greina mikilvægi stöðvanna og var svæðum skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum eru stöðvar sem mega alls ekki fara niður og þar eru settar upp fastar varaafsstöðvar. Í öðrum flokki eru stöðvar sem mikilvægt að halda inni en auðvelt að komast að, þar eru færanlegar stöðvar hugsaðar sem hægt er að koma á staðinn eftir þörfum. Í þriðja flokknum eru stakir endurvarpar, ekki tengipunktar, þar sem hægt væri að koma upp varaafli ef á þyrfti að halda en þetta á við afmörkuð svæði þar sem er ekki endilega byggð. Þetta verður allt komið upp eftir tvær til þrjár vikur að sögn Víðis og þar með verða fjarskipti á svæðinu trygg þótt almennt dreifikerfi rafmagns detti út. Neyðarlínan lét Orkubúið einnig hafa færanlega varaafsstöð sem hæg er að fara með á aðra tengipunkta ef á þarf að halda.

„Farið hefur verið yfir þá veikleika sem voru greindir og þeir lagaðir. Þessar stöðvar ættu að geta gengið að mestu leita í 6-7 sólarhringa og fara sjálfir af stað. Neyðarlínan horfir á að Tetra samskiptakerfið virki og far-



Færanleg varaafsstöð var afhent Orkubúi Vestfjarða en hana er hægt að færa að tengipunktum sem á þurfa að halda. Á myndinni er Þórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar.

símakerfið virki líka svo hægt sé að ná í Neyðarlínuna. Það verður hægt að hringja þótt rafmagn slái út. Þegar þetta verður komið þarf að prófa

kerfið, taka rafmagn af stöðunum og sjá hvort þetta virki allt. Neyðarlínan gerir samning við fyrirtæki um að prófa þetta reglulega og fara yfir og tryggja

að engir hnökrar séu á kerfinu. Það er lítill tilgangur í að þetta virki í dag, ekkert gerist næstu fimm árin og þetta virki svo ekki þegar á reynir,“ segir Víðir.



MT7 Öryggisljós

- Defence Strobe
- Öryggishamar
- 220 lumens
- Drægni 255 metrar

Verð 19.795 kr.



Lengd 132 mm

M1 vasaljós

- Lítið en öflugt
- 170 lumens
- Drægni 150 metrar

Verð 13.450 kr.



Lengd 97 mm

H7 höfuðljós

- Fislétt
- 170 lumens
- Drægni 140 metrar

Verð 14.450 kr.



Hágæða vatnsvarin vasa- og höfuðljós með stillanlegum fókusi – hönnuð fyrir atvinnumenn

LED LENSER®

að heiman og heim

Foscam er leiðandi á sínu sviði með mest seldu öryggismyndavélum í Bandaríkjunum



Verð: 29.750 kr.

FOSCAM
öryggismyndavélur



Háskerpu-
myndgæði



Fjarstýrð
Pan / Tilt



Þráðlaus
samskipti



Greinir hreyfingu
og sendir boð



Hljóðnemi
og hátalari



Nætursjón



Minniskort



Háskerpu öryggismyndavélur

- Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma
- Myndavél fjarstýrð með símanum
- Sendir myndir í tölvupósti við hreyfingu
- Nýjasta tækni í myndgæðum
- Einföld uppsetning – Íslenskar leiðbeiningar
- Gæsla í þínum höndum – Engin áskriftargjöld

➤ Verslaðu á vefnum ➤ Frí sending að 20 kg ➤ 1 árs skilaréttur

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Álitamál hvort lækka eigi raforkuverð

„Það er alltaf álitamál og spurning hvað þarf að gera í uppbyggingu kerfisins. Ég er þeirrar skoðunar að Orkubúið eigi að vera sterkt fyrirtæki sem geti tekið á áföllum en ekki endilega rekið á lágmarks innkomu. Ég tel mig

hafa sýnt fram á að raforkuverð hjá okkur er með því hagstæðara sem gerist á landinu. Rafmagn er dýr orkugjafi en fólk á svæðinu notar það til upphitunar húsa þar sem það hefur ekki aðgang að ódýrari kyndingu og þar af leiðir

er heildar reikningur heimilanna nokkuð hár. Það breytir því ekki að á raforkumarkaðnum berum við okkur saman við aðrar dreifiveitur og veitum okkar þjónustu á mjög sambærilegu verið og jafnvel ódýrara en margar aðrar,“

segir Kristján Haraldsson, orkubússtjóri aðspurður um hvort ekki sé svigrúm fyrir að lækka raforkuverð þar sem hagnaður Orkubúsins á síðasta ári nam 349,3 milljónum fyrir skatta.

Miklar framkvæmdir liggja fyrir dyrum Orkubúsins í ár. Meðal verkefna er ný virkjun í Engidal, Fossárvirkjun, sem leysa á af hólmi vél frá árinu 1937 sem gaf af sér 597 kW afl með nýrri 1173 kW vél. Mun þessi framkvæmd jafnframt vera liður í auknu afhendingaröryggi

rafmagns í Skutulsfirði. Alls mun Orkubúið fjárfesta fyrir að minnsta kosti 968 milljónir króna á árinu 2013 eins og fram kemur í ársskýrslu fyrirtækisins. „Framkvæmdagetan er um 500 milljónir. Miðað við afkomu síðasta árs þurfum við að taka aðrar 500 milljónir að láni. Fyrirtækið þarf að vera rekið með viðunandi hagnaði til að geta staðið undir framkvæmdum og endurnýjun. Ég vil ekki að fyrirtækið fari að stafla undir sig skuldum,“ segir Kristján. – hordur@bb.is

PALLAOLÍA



4.990,-

Viðar pallaolía 4 ltr.

Opnunartími
8-18 mánudaga
til föstudags
10-13
laugardögum

Málningarbúðin
Ísafirði
Sindragata 14
Sími: 456 4550

Styttist í stefnu ef ekkert gerist

„Ég er í málaferlum en það gengur rólega. Það hefur ekkert nýtt komið upp. Þetta er búið að taka eitt og hálft ár og er í samningaferli. Ef ekkert gerist fljótlega styttest í stefnu,“ segir Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri Engidal í Skutulsfirði, sem þurfti að láta farga öllum bústofni sínum í apríl 2011 eftir að díoxín- og PCB mengun mældist yfir heilsuverndarmörkum á beitarslandi búsins. Steingrímur ákvað að leita réttar síns þar sem hann telur að Ísafjarðarbær beri ábyrgð á tjóninu sem hann varð fyrir þar sem díoxínmengunina megir rekja til sorpbrennslustöðvarinnar Funa sem sveitarfélagið var bæði eigandi og rekstraraðili að.

Aðspurður hvort til standi að koma upp bústofni á nýjan leik



Steingrímur Jónsson bóndi að Efri-Engidal í Skutulsfirði.

segir Steingrímur: „Það gæti verið. Ég er að hugsa það, það gæti þá verið einhver fjárbúskapur. Ég ætla að byrja bara í rólegheitunum en ég er nýbúinn að bera á túnin. Annars er ég vélstjóri núna á sjó svo ég er í öðru eins og er.“ – hordur@bb.is

Nýtt hótél á Patreksfirði

Með nýju hóteli á Patreksfirði aukast kostirnir við að fara með hópa um Vestfirði. Það hefur skort gott hótél á sunnanverðum Vestfjörðum. Í nágrenni Patreksfjarðar eru verðugar perlur náttúrunnar. Látrabjarg og Rauðasandur, ásamt Örlygshöfn, Tálknafirði og Bíldudal verða nú staðir sem auðveldara er að komast til með hópa. Það er góð hugmynd að breyta notkun húsa eftir því sem aðstæður breytast. Sláturhús á Patreksfirði verður hótél líkt og skrifstofur bæjarstjórnar og Kaupfélags Ísfirðinga verða hótél á Ísafirði. Mikilvægt er að hafa gott auga fyrir tækifæri þegar það gefst. Ferðapjónusta gefur af sér og veitir fólki störf. Vesturbýggð hefur átt undir högg að sækja. Það er að breytast og nú eru íbúar á Patreksfirði orðnir fleiri en árið 2006. Það veit vonandi á gott. Með nýju hóteli eykst kraftur ferðapjónustu í Vesturbýggð. Hægt verður að skipta hópferðum um Vestfirði með gistingu annars vegar á Ísafirði og hins vegar á Patreksfirði.

Jafnframt er kominn þar nýr og glæsilegur veitingastaður, sem ber heitið Fjall og Fjara. Hvort tveggja, hótelið og matsölustaðurinn, kemur Patreksfirði í hringið um ferðapjónustu. Nú hefur verið stofnað nýtt ferðapjónustufyrirtæki, Westfjord Adventures,

sem mun vinna náið með Fosshótél Vestfirðir. Nú er kominn grundvöllur undir heilsárs ferðapjónustu. Unnt verður að taka við ferðamönnum allt árið og bjóða fyrirtaks þjónustu. Einnig hafa hótélhaldarar á Barðaströnd, sem reka hótél í Bjarkarholti, lýst hug á því að stækka við sig með því að fá félagsheimilið undir starfsemi sína. Þá er enn eitt sem þarf að hyggja vel að. Samgöngur við Vesturbýggð og vestanverða Vestfirði þurfa að vera tryggar og góðar. Að því er unnið. Skriða í Kjálkafirði hefur sett strik í reikninginn. Enn skal minnt á að auðvelt er að leggja veg í Austur Barðastrandarsýslu, í Reykhólahreppi hinum nýja. Til þess þarf bæði vilja og þor. Hið fyrsta verður að taka ákörðun um að nýta besta vegstæðið með strönd í stað þess að fara yfir hálsa eða grafa jarðgöng.

Afþreying skipar æ stærri sess í lífi nútímamanna. Spurn eftir henni, einkum í tengslum við ferðalög, eykst eftir því sem eftirlaunaþegum fjölga. Þeir gera kröfur til góðrar þjónustu og auðveldra ferðalaga.

Gott og skynsamlegt vegakerfi um Vestfirði, sem tekur mið af fólki fremur en gróðri, mun skapa góðan grunn að uppbyggingu ferðapjónustu á Vestfjörðum. Þar fara saman hagsmunir íbúa og ferðalanga.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Pórunn Arna tilnefnd

Ísfrska leikkonan Pórunn Arna Kristjánsdóttir, hefur verið tilnefnd sem leikkona ársins í aðalhlutverki fyrir hlutverk sitt í leiksýningunni Karma fyrir fugla í sviðsetningu Þjóðleikshússins, fyrir íslensku sviðslistaverðlaunanna, Grímuna. Fjórar aðrar leikkonur eru tilnefndar sem leikkona ársins, Margrét Vilhjálmsdóttir (Macbeth), Jóhanna Vigdís Arnardóttir (Mary Poppins), Sigrún Edda Björnsdóttir (Gullregn) og Kristbjörg Keld (Jónsmessunótt).

Pórunn Arna Kristjánsdóttir útskrifaðist frá leiklistarardeild Listaháskóla Íslands vorið 2010 og var þá ráðin til Þjóðleikshússins. Þar hefur hún leikið í Afmælisveislunni, Vesalingunum, Heimsljósi, Sögustund: Hlina kóngssyni, Ballinu á Bessastöðum, Bjart með köflum, Finn-ska hestinum og Leitinni að jólnum.

Fyrir útskrift tók hún þátt í ýmsum leiklistartengdum verkefnum. Í íslensku óperunni fór með hlutverk litlu stúlkunnar með eldspýturnar í samnefndum söngleik og söng hlutverk Floru í óperunni Tökin hert eftir Benjamin Britten. Hún hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum sem sýnd hafa verið á leiklistarhátíðinni Art Fart og hún lék í sjónvarpsþáttunum Hæ Gosi sem sýndir eru á Skjá einum.

Daníel í stjórn Orkubúsins

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar var kjörin í stjórn Orkubús Vestfjarða ohf., sem haldinn var fyrir stuttu. Kom hann inn í stjórnina í stað Kolbrúnar Sverrisdóttur. „Það er bara gaman að þessu. Ég er í fullt af stjórnun og var beðinn um þetta og finnst það bara skemmtilegt. Þetta er gott fyrirtæki,“ segir Daníel Jakobsson um nýskipaða stjórnarsetu.

Nýja stjórn OV skipa Viðar Helgason Reykjavík, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafirði, Daníel Jakobsson Ísafirði, Viktoría Rán Ólafsdóttir Hólmavík og Árni Brynjólfsson, Öfundarfirði. Varastjórn er óbreytt en hana skipa Jóna Benediktsdóttir Ísafirði, Þórir Örn Guðmundsson Þingeyri, Ragnheiður Hákonardóttir Ísafirði, Birna Benediktsdóttir Tálknafirði og Gísli Jón Kristjánsson Ísafirði.



Valdimar Olgeirsson, bassaleikari.

Fékk styrk úr Minningarsjóði Árna Scheving

Bolvíski bassaleikarinn Valdimar Olgeirsson, er þriðju styrkhafi Minningarsjóðs Árna Scheving. Það er óhætt að segja að mikill heiður sé að vera valinn styrkþegi minningarsjóðs Árna. Til hans var stofnað árið 2008 en Árni lést seint á árinu 2007. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja við efnilega útskriftarnema FÍH. Árni var einn fjölbhæfasti tónlistarmaður sem Ísland

hefur átt en hann var jafnvígur á fjölda hljóðfæra. Það má helst nefna víbrafón, bassa, harmóníku, óbó, saxofón og píanó. Hann starfaði með öllum helstu tónlistarmönnum landsins og spilaði á ótal mörgum hljómplötum. Árið 1955 gekk hann til liðs við KK Sextettinn, þá aðeins 17 ára að aldri.

Valdimar er á leið til Amsterdam í nám og gerir hann ráð fyrir

að það taki fjögur ár en áður en hann fer tekur hann þátt í tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði sem er á dagskrá núna síðar í mánuðinum. Tónlistarunnendur á höfuðborgarsvæðinu geta notið þess að hlusta á Valdimar plokka

bassann af sinni einstöku snillið á bar- og tónleikastaðnum Faktórý öll sunnudagskvöld í sumar en að marga mati er það einn besti staðurinn til að hlusta á lifandi tónlist í Reykjavík.

– harpa@bb.is



Orkubú Vestfjarða

Útboð Fossárvirkjun

Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum, með fyrirvara um allar leyfisveitingar, í verkið **Fossárvirkjun**.

Í Engidal í Skutulsfirði við Ísafjarðardjúp eru í dag starfræktar tvær virkjanir undir sama paki, Fossavatnsvirkjun og Nónhornsvatnsvirkjun. Verkið felur í sér stækkun Fossavatnsvirkjunar með byggingu stöðvarhúss um 600 metrum neðar (norðar) en núverandi stöðvarhús, ásamt niðurlögn þrýstipípu og vinnu við inntakshús í landhæð, 350 m y.s.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Gröftur lausra og fastra jarðlaga	9900m ³
Sprengigröftur/fleygun	2550m ³
Fylling með þrýstipípu	1600m ³
Annað fyllingarefni	7400m ³
Stöðvarhús	165m ²
Steinsteypa	280m ³
Útlagning DN500 þrýstipípu úr trefjaplasi	1700m

Verklök eru áfangaskipt og þau stærstu í september til desember 2013. Verkinu skal að fullu lokið í júlí 2014.

Hægt er að panta útboðsgögn frá og með fimmtudeginum 13. júní nk., með því að senda beiðni á netfangið ov@ov.is eða gg@ov.is. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Orkubúsins, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, fyrir kl. 11:00, föstudaginn 28. júní 2013, þar sem þau verða opnuð og lesin upp að viðstöddum þeim sem það kjósa.



Þjóðbúningasaumur í Menntaskólanum

Menntaskólinn á Ísafirði í samstarfi við Þjóðbúningafélag Vestfjarða, mun bjóða menntaskólastúlkum við skólann að sauma sér þjóðbúning í vali næsta vetur. Um er að ræða upphlut eða peysuföt frá 19. eða 20. öld.

Kennt verður einu sinni í viku, allan veturinn í tvo til þrjá tíma í senn og ljúka nemendur við að sauma sér heilan búning á þeim tíma. Kennarar verða Anna Jakobína Hinriksdóttir og Soffía Þóra Einarsdóttir, en þær hafa kennt þjóðbúningasaum hjá Þjóðbúningafélagi Vestfjarða undanfarin misseri.

ÞBFV hefur fengið styrk frá Menningaráði Vestfjarða, þannig að þátttakendur í þessu námskeiði munu ekki þurfa að greiða námskeiðagjöld, einungis efniskostnað. Þetta er því einstakt tækifæri og hefur þjóðbúningasaumur aldrei verið kenndur við framhaldsskóla hér á landi fyrr svo vitað sé.

Enn eru nokkur pláss laus í þessum áfanga. Þær sem hafa áhuga þurfa að setja sig í samband við Friðgerði Ómarsdóttur, fridgerd@misa.is eða Hrafnhildi Hafberg, hrafnh@misa.is til að fá nánari upplýsingar.

Sagnfræðitrúboð

Sigurður Pétursson sagnfræðingur er fæddur og uppalinn á Ísafirði og gekk hér í menntaskóla þar sem hann kynntist eiginkonu sinni, Ólínu Þorvarðardóttur. Eftir stúdentspróf bjuggu þau eitt ár á Húsavík þar sem þau kenndu við gagnfræðaskólann. Síðan fluttu þau suður til Reykjavíkur til háskólanáms þar sem þau bjuggu 20 ár, og eitt ár í Danmörku. Sigurður vitjaði heimaslóða árið 2001 er hann fluttist aftur vestur með Ólínu konu sinni, þegar hún tók við stöðu skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði og hann hóf þar kennslu á sama tíma.

Ólína og Sigurður eiga fimm börn og fimm barnabörn, eitt nýfætt. Tveir synir þeirra eru búsettir á Ísafirði, sá yngsti, Andrés Hjörvar sem býr í foreldrahúsum, og sá elsti, Þorvarður, sem býr hér ásamt eiginkonu og þremur börnum.

Uppvöxturinn

„Að alast upp á Ísafirði er bara það albesta sem hægt er að hugsa sér, sjálfsagt eins og í öðrum sjávarbæjum. Því fylgdi mikið frelsi og auðvelt að fá útrás fyrir athafnasemi, hvort heldur var í leikjum eða fótbolta, fjallgöngum eða fjöruferðum, eða að stelast niður á bryggju. Svo voru hér ævintýralönd eins og fiskihjallar, gamlir bátar kringum skipasmíðastöðina í Neðsta-kaupstað og gamlir togargar sem settir voru upp í fjöru og lágu þar lengi. Við gátum klifrað upp í þá og farið í sjóræningjaleiki,“ segir Sigurður um ævintýrin á æskulöldum.

Allir voru í fótbolta liðlangan daginn og æfðu og kepptu með knattspyrnuhlíðunum Vestra og Herði, að sögn Sigurðar. Svo voru púkafélög, eitt niðri á Eyrinni, annað í kringum Eyrargötu og tvö til viðbótar á Hlíðarvegi og í Króknum.

„Liðin kepptu innbyrðis en Krókspúkarnir voru bestir. Ég bjó í Eyrargötu og okkar félag hét Grettir. Aðalatriðið var auðvitað keppnin á milli Harðar og Vestra sem öflug félög í mikilli samkeppni. En þó að það hafi verið sam-

keppni innbyrðis stóðu menn saman út á við þegar komið var upp í meistaraflokk,“ segir Sigurður, en hann hætti knattspyrnuíðkun á unglingsárum. Gutlaði samt áfram með vinum og félögum og gerir enn, í góðum félagsskap í Feita félaginu á Ísafirði. „Svo er toppurinn að mæta á Stóra púkamótið í júlí ár hvert og hitta alla gömlu félagana og sjá hvað þeir hafa elst vel.“

Sagnfræðiláhuginn

„Sagnfræðiláhuginn kom mjög snemma í ljós. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu, bæði sögunni nær, það er fólkinu í kringum mig í fjölskyldunni og umhverfinu, og svo stórum atburðum í mannkynssögunni. Ég hugsaði ekki um það sem háskólanám eða starf fyrir en um tvitugt.“

Ég var á eðlisfræðibraut í Menntaskólanum, en Jón Baldvin Hannibalsson var skólameistari og barðist hart fyrir því að vera með eðlisfræðideild sem var oft með mjög fáum nemendum. Við vorum sex í deildinni þegar ég var og svo hittum við Jón Baldvin fjórum árum síðar. Þá hafði ég farið í sagnfræði og annar í kvikmyndaskóla.

Jón Baldvin brást hinn reiðasti við og spurði hvers vegna hann hafi verið að fá undanþágu frá menntamálaráðuneytinu til að halda úti eðlisfræðideild þegar við færum svo bara í einhverjar húmanískar greinar,“ segir Sigurður kíminn, en hann hefur alltaf haft almennan áhuga á þjóðfélagsmálum og sögu.

Saga Ísafjarðar

Ísafjörður er merkilegasti bærin á landinu að sögn Sigurðar, sem reynir stöðugt að sannfæra fólk um þetta og eflaust búinn að sannfæra marga í sögugöngutúr-um um bæinn. Ísafjörður er einn af elstu kaupstöðum landsins, var annar eða þriðji stærsti bær landsins í kringum aldamótin 1900, á eftir Reykjavík og samhlíða Akureyri.

„Ísafjörður á mjög merki-lega sögu sem útgerðarbær, miðstöð verslunar og þjónustu og höfuðstaður Vestfjarða með mikla hefð bæði í skólastarfi og menningarmálum. Þar stendur tónlistin upp úr, en ég hef sagt að Ís-

firðingar hafi alltaf haft nóg af tvennu; annars vegar tónlistarmönnum og öðrum listamönnum og hins vegar stjórnmálamönnum.“

Við höfum leyft öðrum landsmönnum að njóta góðs af þessu, en héðan koma tónskáld eins og Jónas Tómasson yngri og eldri, Ragnar H. Ragnar og Hjálmar H. Ragnarsson sonur hans. Svo eru ýmsir aðrir listamenn, bæði klassískir og rokkarar. Frægasti ísfirski stjórnmála- maðurinn nú um stundir er auðvitað forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sonur Gríms rakara. Fyrr á tímum voru áberandi Skúli Thoroddsen, Hannes Hafstein, þá Vil-mundur og Finnur Jónssynir og svo auðvitað Hannibal Valdimarsson og Jón Baldvin sonur hans, bara til að nefna nokkra,“ segir Sigurður.

Húsin í bænum

Ísafjörður er einstakur að því leyti, að þar eru hús og húsabyrpingar frá öllum skeiðum þéttbýlis á Íslandi. Verslunarhúsin í Neðsta-kaupstað eru frá tímum einokunarinnar, timburhúsin í gömlu götunum niðri á Eyrinni eru frá 19. öldinni og steinhúsin frá síðustu hundrað árum.

„Sum húsin eru sögufræg, svo sem Safnahúsið, þ.e. gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni sem var byggt árið 1925, og Alþýðuhúsið sem verkalýðsfélagin byggðu 1934. Þar ólust þeir upp Jón Baldvin Hannibalsson og Sighvatur Björgvinsson, síðar ráðherrar. Félagsbakarið að Silfurgötu 11 er merkilegt hús, bæði vegna uppruns og fólksins, Silfurgata 7 þar sem Vil-mundur og Kristín Ólafsdóttir lækna bjuggu og þekktustu rithöfundar þjóðarinnar sátu löngum og skrifuðu sínar miklu sögur, og Norska bakarið að Silfurgötu 5, byggt 1896, sem ég tel mig eiga góðan þátt í að bjarga frá niðurrífi. Þannig er hægt að halda áfram hús úr húsi og götu úr götu.“

Sigurður hefur verið ötull að fræða fólk um sögu bæjarins, bæði erlenda ferðamenn og fólk á svæðinu, og farið með hópa í söguferðir þar sem fræg hús eru skoðuð og sagan rakin.

„Þetta hefur verið hálfgertrúboð hjá mér og kemur upp

úr því að ég var ráðinn til að skrifa sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum og fór að kynna mér sögu staðarins. Þá kom þessi hugmynd upp að kynna fólki sögu bæjarins og húsanna og fólksins sem þar bjó. Þetta hefur svo vafið upp á sig og er vel þegið, ekki síður hjá heima-fólki sem er hér fætt og uppalið. Það fær oft skemmtilega viðbót við það sem það vissi áður, en ég hef sérstaklega gaman af því þegar fróðir Ís-firðingar eru með í för og ég fæ nýjar sögur sem bæstast í safnið,“ segir Sigurður.

Hann segir skilning manna vera að aukast á mikilvægi þess að viðhalda gamla bæjarhlutanum á Eyrinni, enda er hvergi á landinu til svo heildstæð byggð frá tímum timburhúsanna og saltfisksins og bárujárnsins eins og í gamla bæjarhlutanum.

„Menn eru að átta sig á að þetta er fjársjóður sem Ís-firðingar eiga þarna og gleðilegt hvað húsunum er vel við haldið. Það er búið í þeim og fjölskyldur hugsa vel um þau og nú er meiri skilingur á að þau haldi sinni upp-runalegu mynd þótt þau séu endurbætt. Það er umbreytting frá því þegar ég var ungur og menn vildu ryðja öllu í burtu sem var gamalt. Við getum kannski þakkað það því að hér voru engar uppsveiflur sem kröfðust há-hýsa. Menn vildu frekar byggja inni í firði og uppi í hlíð.“

Meðfram ritun verkalýðs-sögunnar hafa komið upp fleiri verkefni í kringum söguna, bæði ljósmyndabók um húsin í bænum og heimilda-mynd sem er verið að vinna að núna. Henni er ætlað að halda áfram sagnfræðitrú-boðinu sem Sigurður stundar á götum bæjarins bæði fyrir Íslendinga og erlenda gesti.

Bæjarpólitíkin

„Pólitíkin er alls staðar alltumlykjandi. Hún er stór þáttur af sögunni, allt frá því að

Skúli Thoroddsen barðist hér við höfðingjavelðið og þar til jafnaðarmenn tóku bæinn með áhlaupi árið 1921 með Vilmundur og Finn Jónssyni í forsvari. Þannig varð Ísafjörður fyrsti rauði bærin á Íslandi og það entist í 25 ár. Ég er kannski ekki beint framhald af því en var nú alinn upp sem jafnaðarmaður og hef verið það síðan, hvort heldur er í bæjarmálum eða landsmálum, þótt mér hafi nú ekki tekist að mála bæinn rauðan hingað til,“ segir Sigurður, en sem bæjarfulltrúi Í-listans í Ísafjarðarbæ hefur hann áhrif á sögu samtímans samhlíða því að fjalla um fyrri tíma.

„Ég var hættur allri pólitík eftir að ég var í framboði með Jóhönnu Sigurðardóttur í Þjóðvaka en kom aftur inn í pólitíkina hérna fyrir vestan með góðu fólki í Samfylkingunni. Við ákváðum svo að mynda sameiginlegt fram-boð vinstri manna og frjáls-lynds fólks hér í Ísafjarðarbæ og reyna að ná völdunum úr höndum þeirra sem hafa verið hér í forsvari. Við erum með aðrar áherslur varðandi fjölskyldumál og atvinnumál, sérstaklega fiskveiðimálin, og teljum að Vestfirðingar eigi inni stærri hluta af sameiginlegri köku þjóðarinnar. Það er enn helsta baráttumálið,“ segir Sigurður.

Ólína Þorvarðardóttir eiginkona Sigurðar var kjörin á þing árið 2009 og hefur því verið langdvölum í Reykjavík vegna þingmennskunnar. Fljótlega eftir að hún settist á þing fór Sigurður að skrifa fréttir fyrir vefsíðuna skutull.is á kvöldin. Sá vefmiðill var stofnaður árið 2007 af áhuga-fólki um fjölbreyttari fjölmið-un hér fyrir vestan og er

inn Sigurður

skrifaður í sjálfboðavinnu þeirra sem að honum standa.

Annað bindi verkalýðssögunnar er væntanlegt á næsta ári og spannar tímabilið frá 1930 til 1970. Það fjallar ekki bara um Ísafjörð heldur alla þéttbýlisstaði á Vestfjörðum, þar á meðal staði eins og Hesteyri, Djúpavík og Flatey, þar sem áður var þéttbýli með verkalýðsfélag. Í sögu verkalýðshreyfingarinnar birtist þjóðfélagsþróunin á síðustu öld vel, að mati Sigurðar.

„Ísafjarðarbær á góða möguleika til uppbyggingar ef við í fyrsta lagi fáum aftur aukinn aðgang að auðlindum okkar og í öðru lagi ef við spilum skynsamlega úr þeim miklu samfélagsverðmætum sem við eigum hér í fólkinu, sögunni og menningunni,“ segir Sigurður að lokum, sannfærður um að Ísafjörður eigi framtíðina fyrir sér.

– hordur@bb.is



Sigmundur Ragnar Helgason er ungur Ísafirðingur og að sögn kunnugra hæglátur og ljúfur drengur. Á dögunum náði hann árangri sem seint mun verða bættur, en við brautskráningu frá Menntaskólanum á Ísafirði varð hann dux skólans með einkunnina 9,67. Það mun jafnframt vera hæsta meðaleinkunn sem gefin hefur verið í ríflega fjórtíu ára sögu skólans. Hann hefur að eigin sögn víðfeðmt áhugasvið og það má jafnframt sjá af afrekaskrá hans, en hann hlaut sæg verðlauna við brautskráninguna.

Stærðfræði mun þó að öðru ólöstuðu geta talist hans sterkasta hlið, en hann ásamt félögum sínum kallaði eftir því að aukaáfangi, stærðfræði 703, yrði kenndur við skólann í fyrsta skipti í mörg ár. Hann telur það skýrt dæmi um kosti og sveigjanleika Menntaskólans á Ísafirði. Þetta varð til þess að Sigmundur lauk 24 einingum í stærðfræði á námstímanum, með þeim einstaka árangri að fá einkunnina 10 í öllum áföngunum.

Sigmundur hlaut verðlaun Lífeyrissjóðs Vestfirðinga fyrir framúrskarandi árangur í viðskipta- og tölvugreinum og verðlaun Stærðfræðafélags Íslands fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði. Hann fékk einnig verðlaun Háskólans í Reykjavík fyrir hæstu meðaleinkunn í raungreinum, sem og verðlaun Aldar-afmælisjóðs Ísafjarðarbæjar.

Stærðfræðiáhuga- maður í frystihúsinu

ar fyrir hæsta meðaleinkunn á stúdentsprófi. Listi verðlauna var þó lengri, meðal annars fyrir árangur í íslensku, þýsku og efnafræði.

Hann er raungreinamaður í grunninn en á námstímanum stundaði hann einnig körfuboltaþróttina stíft, allt þar til á síðasta námsárinu. Hann stefnir utan til náms nú í haust og hefur fengið inni í hinum virta Virginíu-háskóla í Bandaríkjunum.

Sigmundur hefur áður búið í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu sinni. Þar var faðir hans, Helgi Sigmundsson, sem nú er starfandi yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, við nám og starf frá því að Sigmundur var fimm ára og þar til fjölskyldan fluttist aftur til Ísafjarðar sumarið 2004. Þarna var um að ræða auk þeirra feðga móðurina Kristínu Örnólfsdóttur og systkini Sigmundar, Málfríði og Kjartan. Þau bjuggu í Iowa City í Iowa og í Cleveland í Ohio í þrjú ár á hvorum stað, en í haust mun fjölskyldan flytjast til Vestur-Virginíu þar sem Helgi tekur við nýju starfi.

Kristín móðir Sigmundar

rekur ættir sínar til Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Faðir hans er hins vegar Sunnlendingur að ættinni. Sigmundur starfar í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru nú að loknum skóla líkt og síðasta sumar. Honum finnst sú reynsla áhugaverð.

„Veganestið héðan að vestan er mjög gott og ég hef örugglega allt öðruvísi reynslu héðan heldur en væntanlegir samnemendur í Virginia-háskólanum. Ég vona að sú reynsla muni gagnast mér vel í náminu. Þetta er í grunninn verkfræðinám sem ég mun byrja í en háskólinn þarna ytra býður upp á marga möguleika til frekari sérhæfingar. Ég veit í raun ekkert hvað mig langar nákvæmlega að fara gera eftir grunnnámið, en sem betur fer er sveigjanleiki í kerfinu sem byggir á að taka undirfög á þeirri braut sem maður velur sér eftir fyrstu árin í skólanum.

Ég bý mig bara undir að fyrsta árið verði mjög erfitt. Það er reynsla mín af námi í Bandaríkjunum, að þar eru hlutirnir nokkuð strangari og meiri agi á náminu heldur

en hér á landi. Það er aftur á móti mjög gott hvernig kerfið hér heldur utan um bæði þá sem finna sér ekki alveg farveg í hefðbundnu námi og hvernig menn geta jafnvel blandað saman námi, eins og vinur minn Gauti gerði í MÍ.“

Gauti Geirsson félagi Sigmundar lauk námi eins og hann af náttúrufræðabraut en tók einnig diplómanám í vélstjórn á einu ári og það er að mati Sigmundar mjög sniðugt. Blandað nám sé til að mynda góður kostur fyrir þá sem finni sig ekki í skólanum, en brottfall í menntaskólanum landsins hefur verið mörgum áhyggjuefni á síðustu misserum. Aldrei hefur verið minna brottfall í Menntaskólanum á Ísafirði heldur en í ár, aðeins 2,7%, og aðeins fjórir af 308 nemendum frá því um jól.

Talið berst í þessu samhengi að félagslífi skólans og jafnöldrum Sigmundar. Hann segir að það verði skýtið að skilja við hinn stóra og góða vinahóp og það þetta og samheldna samfélag sem hann þekki frá Ísafirði þegar

hann flytur einn á heimavist í háskólaborginni Charlottesville. Þó margt sé mjög ameríkanísrað á Íslandi sé miklu meira algjörlega ólíkt, ef hann miðar við fyrri reynslu sína.

„Þegar við bjuggum úti, þá komum við tvisvar til Íslands á þeim árum og ótrúlega margt sem kom á óvart í raun, allavega fyrir mig því ég var svo ungur. Það var auðvitað alltaf æðislegt að hitta ættingjana, fjölskyldu og vini, en svo var líka sérstakt að hafa allt í einu þessi fjöll og nálægðina við sjóinn. Sérstaklega þar sem við bjuggum í Iowa, þar er auðvitað allt flatt og endalausir maísakrar, enginn sjór og engin fjöll. Maður á örugglega stundum eftir að sakna þessarar einstöku náttúru sem er alltaf nálæg á Vestfjörðum, sem og vinanna.“

arnaldur@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Páll Janus Þórðarson og Þóra Marý Arnórsdóttir

Pestókjúklingur með baconi

Við höfum ákveðið að bjóða upp á mjög góðan rétt, Pestókjúkling með baconi og fylltar tortillur. Njótið!

Pestókjúklingur með baconi

- 4-5 kjúklingabringur
- 1 krukka rautt pestó
- 2 tómatar
- 3-4 hvítlauksrif
- 2-3 cm ferskur parmesan
- 1 lúka fersk basilika
- 1 kjúklingateningur
- 1 pk. bacon (hægt að steikja

sjálfur eða kaupa steikt)

Skera vasa á kjúklingabringurnar og setja þær í eldfast mót. Blanda öllu hráefninu saman með töfrasprota eða í blandara og setja það inn í allar bringurnar, restinni af maukinu er svo dreift yfir þær. Eldað í ofni við 180°C í 30 mín. Borið fram með fersku salati, rifnum parmesan og hrísgrjónum.

Fylltar tortillur

- 1 pakki tortilla pönnukökur (8.stk)

- 1 dl sýrður rjómi
- 1 dl grænmetissósa
- 80 gr. rjómaostur
- 1 poki pizza ostur
- Púrrulaukur, smátt skorinn
- Öllu blandað saman og smyrja á fjórar pönnukökur, hinar fjórar fara svo ofan á. Skera hverja pönnukökusamlöku í átta sneiðar. Borið fram með salsasósu.

Við skorum á Örnú Lind Arnórsdóttir og Sigurð Ottó Kristinsson að vera næstu sælkerar.





Safnarahjónin í Neð



14 JÚNÍ - 16 JÚNÍ
★ **Ísahjardarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bio á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísahjardarbið skemmtun.is

OWEN WILSON VINCE VAUGHN

They just can't click with the new generation.

the INTERNSHIP

Missið ekki af þessari stórskemmtilegu gamanmynd sem kemur öllum í gott sumarskap

FÖSTUDAG 14. JÚNÍ KL 8. LAUGARDAG 15. JÚNÍ KL 8

FRÁ LEIKSTJÓRANUM MICHAEL BAY

PAIN & GAIN
THIS IS A TRUE STORY
SEM ER BÚIN AÐ RAÐA Á OKKUR TOPPMYNDUM UNÐANFARIN ÁR

SUNNUDAG 16. JÚNÍ KL 8

Þorsteinn Traustason safnar leikfangabílum

Hvað er safnið stórt?

Það eru komnir u.þ.b. 80 bílar.

Hvenær byrjaðir þú að safna?

Það hefur verið um árið 2000.

Hver var ástæðan fyrir því að þú byrjaðir á þessu?

Ég sá svo mikið af skemmtilegum bílum á ferðum mínum í Skotlandi og freistaðist til að kaupa - fyrr en varði var farið að myndast safn.

Getur þú nefnt nokkra muni sem eiga sér sérstaka eða óvenjulega sögu?

Einn bíll er í sérstöku uppáhaldi en það er Skodi Roomster sem fannst í Berlín, því miður ekki sami litur og á gamla bílnum okkar, en sama gerð. Og svo er Land Rover póstbíll frá Skotlandi líka í sérstöku uppáhaldi, með fyrstu bílnum sem voru keyptir í safnið.

Hvernig nýtir þú safnið?

Það er látið njóta sín á veggnum í bókaherberginu.

Hvernig sérðu það fyrir sér þróast í framtíðinni?

Ég er farinn að leggja meiri áherslu á að kaupa gamla bíla, átti fyrir aðallega bíla með merkjum eða nýlegar gerðir.



Jóna Símonía Bjarnadóttir safnar böngsum og kisum

Hvað er safnið stórt?

Ætli kisustytturnar séu ekki nálægt 60, það hefur aðeins dregið úr söfnuninni þar sem plássið vantar. Tuskudýrin og bangsarnir eru nú aðeins færri en samt svona 40 stykki.

Hvenær byrjaðir þú að safna?

Ætli það hafi ekki verið um 1986, missti þá kött sem ég átti og gat ekki fengið mér annan - fór að safna stytturnum í staðinn, bangsarnir eru aðeins nýrri. Ég sá svo marga fallega bangsa og tuskusýr á ferðum mínum að ég fór að taka einn og einn heim.

Getur þú nefnt nokkra muni sem eiga sér sérstaka eða óvenjulega sögu?

Fúsi flakkari er sennilega merkilegasti gripurinn - bangsi sem ég fékk fyrstu jólin mín. Hann týndi einu sinni öðru eyranu, og svo er ekki mikið eftir af augunum en hann ber samt aldurinn mjög vel.

Eru einhverjir aðrir en þú sem hafa aðgang að því?

Þar sem ég hef takamarkað rými eru kisurnar því miður flestar í kössum í geymslu en bangsarnir og tuskudýrin eru í stofunni hjá mér saman við ýmis gömul og ný leikföng.

Börn sem koma í heimsókn fá að leika sér með þau.

Hvernig sérð þú safnið fyrir þér þróast í framtíðinni?

Ég hef verið að draga úr söfnuninni smátt og smátt, kaupi núna aðallega litla bangsa t.d. frá Steiff og stytturnar einvörðungu sé eitthvað mjög sérstætt við þær.



Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir
Varahlutapjónusta

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámaþjónusta
Vestfjarða ehf

**3JA HÓLFA
FLOKKUNARILÁT**

3x12 lítra fyrir
flokun innanhúss.

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Dagar Íslands

13. Júní 1941: Sigurður Jónsson forstjóri bauð ríkinu að taka við Bessastöðum sem gjöf til þess að vera bústaður æðsta valdamanns íslenska ríkisins. Ríkisstjórnin tók boðinu.

14. Júní 1949: Þyrlu var flogið á Íslandi í fyrsta sinn. Þetta var tveggja sæta „helicopter-flugvél“ af gerðinni Bell. Hún hafði verið flutt til landsins svo hægt væri að reyna slíka flugvél við björgunarstörf og strandgæslu.

14. Júní 1986: Fyrsta hjarta-aðgerðin var framkvæmd hér á landi, á Landsspítalanum. Sá sem fór í þessa aðgerð var Valgeir G. Vilhjálmsson.

15. Júní 1926: Dönsku konungshjónin lögðu hornstein að Landsspítalabyggingunni sem konur beittu sér fyrir í tilefni af kosningarétti sínum. Spítalinn var tekinn í notkun 20. desember 1930.

16. Júní 1940: Togarinn Skallagrímur bjargaði 353 mönnum af breska herskipinu Andia, sem þýskur kaþbátur sökkti suður af Ingólfshöfða.

16. Júní 1982: Lögreglan staðfesti að hún hefði lagt hald á 189 kg. af maríjúana sem sent var frá Jamaíka. Líklegt þótti að efnið hefði átt að fara áfram til meginlands Evrópu.

17. Júní 1811: Jón Sigurðsson, síðar forseti, fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Hann lést 7. desember 1879.

17. Júní 1925: Sjúkrahúsið á Ísafirði var vígt. Það var þá talið fullkomnasta og vandaðasta sjúkrahús landsins.

18. Júní 1955: Þrír bræður frá Hvítárbakka í Biskupstungum kvæntust þremur systur frá Austurhlíð í sömu sveit.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

A og NA 5-13, en hægari vindur SV-til. Rigning eða súld um landið A-vert, en úrkomulífið annars staðar. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast V-lands.

Horfur á laugardag:

NA átt 3-8 m/s. Dálítil væta en bjart með köflum S- og V-til, en líkur á síðdegisskúrum þar. Hiti 7-16 stig, hlýjast V-lands

Horfur á sunnudag:

SV 3-8 m/s. Skýjað en líkur á skúrum í flestum landshlutum. Hiti víða 10 til 15 stig.

Krossgátan

				Brúnina		Fimm	Eftirsjá Nægtir Beiti		Maður		Kona
				→							↘
				Síðastur		Örg Sælu Snagi					
Jón Steingr.	↓	Bolmagnið	Stróksins	Röð Góður Sérhlj.							
Ósætti										Kind Ástæða	
Eins	↔			Milliátt Bar á			Lyftiduft Maka				↓
Ófriður Skelin Veiðarfæri											
					Eldstæði Haf				Drykkur Harmar		
Hrjá										Átt	
Punga Flakk										Konu	
Samhlj.		Starf					Ílát				
Spé		Ríki					Málmur				
				Vangá				Loga			
				Tvíhlj.				Fljótár			
					Naska Þjófgefin						
Skop-leikrit			Eins um Ó				Rum				
Milliátt			Tónn				Skammir				
				Snarar						Síðastur	
				Baug						Angan	
Eldfjall		Gramur				Næst S			Ryk		
Sérhlj		Hríð				1000			Tón		
Auður			Hrósa					Ær			
Földum			500					Sérhlj.			
						Klatta					



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

	☺			Á		Á		S	
⇒	M	Á	L	A	R	↘	L	A	
	G	E	T	A	N		M	A	K
		G	A		D	R	Y	K	K
		U	L	L	R	Æ	N	U	
Jón Steingr.	↓		A	R		Á	Á		D
	H	A	U	Ð	U	R		Í	↓
G	A	U	M		M	U	S	S	Æ
A	N	S	A	R		S	K	A	F
	D	U	N	A	R		Ú	R	↓
	H	R		G	R	Á	T		E
	Æ		A	N		R	I	M	G
Ó	G	Á	T	A	M	A		E	I
	↘	F	Y	R	I	R	M	Y	N
B	A	R	R	I	D	N	E	H	↘
	V	A	T	N		I	Ð	J	U
H	A	M	I	N	Þ	R	J	Ó	T

Sudoku þrautir

4								
6	1		5			9		
9		5	1					8
	4			7	8			6
2	9						8	3
1			4	2			5	
8					5	1		7
		1			7		9	5
								2

3				2				
2					5		8	
	9	6		1			4	
7	1	8						3
9						1	7	5
	4			6		7	1	
	2		4					8
				5				4



Guðfinna Sigurjónsdóttir og Oddný Birgisdóttir taka við gjöfinni af Álfhildi Jónsdóttur og Jósefinu Gísladóttur.

Sunna færir Sigurvon gjöf

„Við ætlum að koma upp aðstöðu á skrifstofunni og gera hana huggulegri og við getum tekið á móti fleira fólki sem vill koma í viðtöl, bæði krabbameinsgreindum og aðstandendum,“ segir Guðfinna Sigurjónsdóttir hjá Krabbameinsfélaginu Sigurvon, sem í síðustu viku fékk afhent gjafabréf að upp hæð 300 þúsund krónur frá Kvenfélaginu Sunnu í Ísafjarðardjúpi. Guðfinna tók við gjöfinni ásamt Oddnýju Báru Birgisdóttur af Sunnukonunum

Álfhildi Jónsdóttur og Jósefinu Gísladóttur.

Álfhildur Jónsdóttir, formaður Sunnu, segir kvenfélagskonur hafa fylgst með hvar þörfin væri mest. „Síðast gáfum við sjónvarp og tölvu á Hlíf þar sem við sáum að eldri borgarar eru mikið á Facebook. Við reynum að fylgjast með hver er í fjárþörf og okkur finnst að Sigurvon mætti alveg hafa það aðeins betra. Að mínum dómi er félagið öflugt og fylgist vel með ef vitað er að fólk sé í

erfiðleikum vegna krabbameins. Þau eru dugleg að koma fólki til aðstoðar, ekki aðeins með fjárstuðningi heldur til að koma fólki áfram. Félagið hjálpar einnig fólki sem er flutt af svæðinu við að komast í samband við krabbameinsfélög á sínu svæði og upplýsa um þeirra rétt og hvaða aðstoð er í boði,“ segir Álfhildur.

Þrettán konur eru í kvenfélaginu Sunnu og aðal fjáröflun þeirra er árlegur vorfagnaður í Heydal sem í ár verður haldinn 15. júní.



ÍSAFJARÐARBÆR

Hjúkrunarheimilið Eyri, Ísafirði Uppsteypa og frágangur utanhúss

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Hjúkrunarheimilið Eyri, Ísafirði – uppsteypa og frágangur utanhúss.“

Dagsetning opunar: 28. júní 2013.

Húsið er steinsteypt á einni hæð með 30 einstaklingsíbúðum. Íbúðakjarnar eru þrír, hver með tíu íbúðum, sameiginlegri setustofu, borðstofu og eldhúsi. Húsið er tengt með tengivagni við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Burðarvirki hússins er úr steinsteypu en þök ýmist úr steinsteypu eða timbri. Útveggir eru einangraðir að utan og ýmist múrhúðaðir eða timburklæddir.

Helstu stærðir eru:

Brúttóflötur byggingar	2.335m ²
Brúttó rúmmál	10.440m ³
Uppgröftur	5.500m ³
Steinsteypa	1.700m ³
Steypesteyptarjárn	181 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2014.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 5.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði frá og með 10. júní 2013. Tilboðin verða opnuð hjá Ísafjarðarbæ, Stjórnsýsluhúsinu, 2. hæð, 28. júní 2013, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri, framkvæmda- og rekstrarsviðs

Fann símann mánuði síðar inni í leikmyndinni

Reykjavík 2012, Steingrímur Ingi segir sögu af týndum síma

Steingrímur Ingi var að smíða leikmynd fyrir stóra bíómynd

þegar hann týndi símanum sínum. Hann leitaði út um allt en

fann hann hvergi. Þegar tókum var lokið og farið var að

rífa leikmyndina fannst síminn loksins inni í henni.

Hann var sem betur fer rafmagnslaus.



Sjáðu

Steingrím Inga

segja frá

SNJALLPAKKI

300

3.490 kr./mán.

300 mín. | 300 SMS | 300 MB

SNJALLPAKKI

500

4.990 kr./mán.

500 mín. | 500 SMS | 500 MB

SNJALLPAKKI

1000

7.990 kr./mán.

1000 mín. | 1000 SMS | 1000 MB
3G aukakort í 12 mán.

SNJALLPAKKI

1500

10.990 kr./mán.

1500 mín. | 1500 SMS | 1500 MB
3G aukakort í 12 mán.

Vertu í sterkara sambandi með Snjallpakka!

Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

SUMARGLAÐNINGUR!

3 GB og 3000 SMS á mán. fylgja öllum snjallpökkum til 31. ágúst.

Kynntu þér Snjallpakkana nánar á siminn.is eða hjá næsta endursöluðila. Eymundsson er endursöluðili Símans á Ísafirði og Smáalind á Patreksfirði.



www.segjumsogur.is | Segjum sögur á stærsta farsímaneti landsins

Síminn